

Guðrún Jónsdóttir í Köldukinn 1808¹

Anno 1808, þann 22. desember, setti sýslumaður Sigurður Snorrason einn skiptarétt að heimili sínu Stóru-Giljá með undirskrifuðum skiptavottum, til að fyrir taka og fullgjöra regluleg arfaskipti eftir konuna Guðrúnu heitina Jónsdóttur í Köldukinn. Í þessu sterfbúi eru haldnar 2 sessionir, þann 8. og 13. hujus sem hér orðrétt innfærast svohljóðandi:

A.

Anno 1808, þann 8. desember, var af sýslumanni Sigurði Snorrasyni haldin ein skiptasession að heimili hans Stóru-Giljá, til að undirbúa reglulega skiptameðhöndlun á sterfbúinu eftir konuna Guðrúnu Jónsdóttur í Kaldakinn, sem sama staðar burtkallaðist þann 4. október, að eftirlátnum ektamanni, Sveini Halldórssyni og tveimur þeirra skilgetnum börnum, nefnilega 1. Sölva, tveggja vetra, og 2. Bjarna, á fyrsta vetri. Þar að auki átti hún þriðja son laungetinn, hvörn hún hafði aflað með giftum manni, Guðmundi Sigurðssyni á Móbergi, að nafni Rósenkar, 10 vetra.

Nálægir voru sem hlutaðeigendur ekkjumaðurinn Sveinn Halldórsson fyrir sína hönd en fyrir hönd barnanna er mr. Ólafur Björnsson á Reykjum eftir sýslumannsins skikkun af dags dato, sem markast Litr. A, og vegna þess að regluleg eður greinileg skipti hafa aldrei gjörð verið eftir föður Guðrúnar heitinnar milli hennar og bróður hennar, Halldórs bónda Jónssonar í Köldukinn, samt móður þeirra, Filippíu Jónsdóttur sama staðar, en nú þó vita þurfti hvað tilheyrði sterfbúinu eftir Guðrúnu heitina eður hvörjar og hvað miklar þess eignir væru. Svo er líka áminnstur bóndi Halldór í Köldukinn, eftir honum gjörðri aðvörun til hans, sömuleiðis hér nálægur til andsvara um þetta efni.

Kom svo fyrst til umtals um áðurgjörð skipti eftir Jón heitinn, sem eftir af Sveini framlögðum seðli skrifuðum að Köldukinn þann 22. júní 1805 af Halldóri Jónssyni, bróður Guðrúnar heitinnar, og undirskrifuðum þar hjá af móður hans, Filippíu Jónsdóttur og Sveini Halldórssyni manni Guðrúnar, framfarið hefur, í hvörjum seðli nefndur Halldór tjáir sig skipta þeim fjármunum lifandi og dauðum, sem faðir sinn, sál. Jón hafi eftir sig látið, til jafns, að frátekinni jörðunni, milli sín og Guðrúnar systur sinnar, hvar til móðir sín gefið hafi sitt fullkomið samþykki, að skiptin svoleiðis fram færi. Eftir því sem seðill þessi framlagður og lesinn fyrir skiptaréttinum markaður Litr. B, sjálfur enn framarsýnir.

Halldór vegna sín og móður sinnar hefir ekkert á móti að þessi skipti standi við það sem þá, eftir framlögðu skírteini gjörð eru, og að sterfbúið eftir Guðrúnu heitina þurfi ekki að afhenda helming þess kvikfjár sem móðir hans hafi fyrir 3 árum síðan farið með til Sveins, sem næstliðið vor hafi svarað öðrum helminginum svoleiðis, að þeir séu þar um ásáttir. En í tilliti til jarðarinnar álitur Halldór, eftir áður áminnstu skírteini, sér ófært móður sinnar vegna, að samþykkja að sterfbú Guðrúnar heitinnar behaldi 1/3 jarðarinnar Köldukinnar, sem er 30# að dýrleika, þar jörðin sé í áminnstu skírteini undantekin eður fráskilin þeim, þá á þeim lifandi og dauðu fjármunum gjörðu skiptum. Þess vegna er Halldóri eftirlátinn frestur til að útvega hér um greinilegt og fullkomið samþykki móðurinnar og láta það vera komið hingað á þennan stað þann 13. þ.m., þá ásett er að framkvæma frekari skipta aðgjörðir í þessu sterfbúi, ef mögulegt verður.

Actum ut supra.

¹ ÞÍ. Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu ED1/1. Skiptabók 1807-1810.

Sigurður Snorrason, Ólafur Björnsson, Sveinn Halldórsson, Halldór Jónsson.
In fidem, Sigurður Snorrason

B.

Anno 1808, þann 13. desember, var enn að nýju af sýslumanni Sigurði Snorrasyni að Stóru-Giljá haldin ein skiptasession með undirskrifuðum hlutaðeigendum í sterbúinu eftir Guðrúnu í Köldukinn, sem sálaðist þann 4. október þ.á. Við session þessa var nálægur sem fyrir barnanna vegna mr. Ólafur Björnsson á Reykjum, og fyrir sína eigin hönd ekkjumaðurinn Sveinn Halldórsson.

Framlagt var svo eitt bréf til skiptiforvaltarans frá ekkjunni Filippíu Jónsdóttir í Köldukinn, dagsett þann 11. þ.m., hvar í, að svo miklu leyti af þessu mjög ógreinilega bréfi ráða er, hún afsegi að eftirgefa sína lífstíð þann hlut jarðarinnar (Köldukinnar) sem lögin tileinka henni (að skilja eftir mann hennar, Jón heitinn), uppástendur þar að auki að erfa bróðurlóð í fasteigninni undir eins og hún tilkynnir, að hún ennú eigi einn sauð gamlan hjá áðurnefndum dótturmanni sínum, Sveini, sem ekki sé enn skipt og tilstær hann syni sínum Halldóri, eftir því sem þessi bréfseðill, lesinn og markaður Litr. C, sjálfur með sér ber.

En jafnvel þó nú sjá megi hvað nefnd Filippía nú uppástendur í tilliti til jarðarinnar, hvört uppástand hún réttar og reglulegar hefði kunnað að gjöra við skiptin eftir mann sinn sál., hefði hún ei sett sig á móti þeim, þá samt, þar umgetið svar alls ekki útlistar hvör verið hafi ásetningur hennar um skipti á jörðunni þann 22. júní 1805, er lausafé sterfbúsins eftir Jón heitinn, mann Filippíu, skipt er milli systkinanna Halldórs bónda Jónssonar í Köldukinn og Guðrúnar heitinnar konu Sveins, hvörs þó helst æskt var og í hvörju tilliti frestur var eftir látinn af skiptaréttinum hér, þann 8. þ.m., svo finnur skiptarétturinn sér að svo stöddu ekki mögulegt að fyrirtaka endileg skipti eftir Guðrúnu heitina, á meðan ei er útveguð fullkomin vissa um hve stóran hluta Guðrún heitin hafi átt að hafa í jörðunni þegar umtöluð skipti, þann 22. júní, fram fóru.

Skiptum þessum er því ennú einu sinni á frest slegið og Sveini tilhaldið að útvega þá hér um vantandi vissu eður semja við ekkjuna Filippíu og son hennar, Halldór, annað hvört fyrir meðalgöngu kommissionarinnar ellegar upp á annan máta, að hvörju búnu Sveini er tilhaldið að framfæra þetta skírteini fyrir skiptaréttinn, sem að því búnu tafarlaust skal fyrir taka skiptin eftir oftnefnda konu, Guðrúnu heitina, milli manns hennar og áðurtalinna barna.

Actum ut supra,

Sigurður Snorrason, Ólafur Björnsson, Sveinn Halldórsson.

In fidem Sigurður Snorrason

Við sessionina af 8. hujus er umgetið hvörjir erfingjar séu í þessu sterbúi, nefnilega fyrir utan ekkjumanninn Svein Halldórsson, tveir skilgetnir synir þeirra: 1. Sölvi tvævetur og 2. Bjarni á fyrsta ári, samt launsonur hennar (Guðrúnar heitinnar) Rósenkar 10 ára. Umgetið sterfbú er þann 30. f.m. uppskrifað og virt af hreppstjóranum, Þorsteini Steindórssyni í Holti, og bóndanum Illuga Halldórssyni á Beinakeldu og hafa þess þá framvísaðir fríðir og ófríðir aurar, sem hér orðrétt greinir og eftir uppskriftargjöringnum með þar á lagðri virðingu verið eftirfylgjandi, nefnilega:

Rd. Sk.

Í bókum

Vídalínspostilla í sæmilegu bandi, 1 rd., 64 sk.;		
Grallari rotinn í slæmu bandi 16 sk.	1	80
Annar ditto 16 sk.; Herslebs prédikan 20 sk.;		
fyrri partur af Sturms hugvekjju 16 sk.		52
Vídalíns jarðabók 24 sk.; Upprisu hugvekjju 20 sk.;		
Jóhanns Arndts Kristindómur 3, 4 bók 24 sk.		68
Misseraskipta offur 20 sk.; Diarium 12 sk.;		
Þorlákskver 14 sk.; Þórðarbænir 8 sk.		54
Gömul sálmabók rotin, í bandi 28 sk.; Jóns lagabók 16 sk.;		
Njáls saga 20 sk.		64
Í klæðnaði		
Blátt klæðispils nýlegt, lítið, tvílagt með rósasnúru og svinta		
af sama, þrílögð af sama[s]lags borða	4	
Grænt klæðispils, gamalt og rauð klæðis svinta, einlögð með frunsu	3	
Ditto blátt pils af kersu með röndóttu skáfóðri	1	48
Enn ditto blátt pils af klæði, mjög gamalt		64
Kvenhempa gömul með flossaum framan á	1	16
Önnur ditto, mikið forn og gömul		64
Rauður kvenupphlutur af skarlati, mjög forn, með		
ektavírsborða framan á og þrílögðum á baki,		
með mjórri rósasnúrum, 16 silfurmillum	1	48
Blá kvenpeysa nýleg, þó lítil 80 sk.; gömul		
kventreyja slitin, af gömlu klæði ² 14 sk.		94
Kvenkragi með atlask silki ofan á, bryddur utan með fløjelsborða		32
Annar ditto rauðleitur, lagður hvítum vírborða 14 sk.;		
þriðji gamall blár 7 sk.		21
Styttuband 14 sk.; silkiklútur rauður og svartur með		
grænum bekkjum 1 rd.	1	14
Annar ditto rauður og svartur, tekinn 56 sk.;		
silkiklútur dökkur, slitinn 36 sk.		92
Rósasilki rauðleitt 24 sk.; ditto hálssilki, léleg 16 sk.		44
Lítill spegill með pappírshulstri 8 sk.; flekkóttur léreftsklútur 48 sk.		56
Ditto svartur og hvítur léreftsklútur með rauðum bekkjum		48
Blár léreftsklútur mikið forn 16 sk.; nærpilssmokkar nýir 80 sk.	1	
Utanhafnar pilsgarmur og nærpils-garmur og upphlutsgarmur		11
Kvensokkagarmar bláir 4 sk.; smálérefts traf nýlegt 48 sk.		52
Ditto lélegt 16 sk.; hvítir handvettlingar og hálsskyrta 8 sk.		24
Sortuð mussa af vaðmáli forn, með hnöppum 28 sk.;		
sortaðar þrjónabuxur 16 sk.		44
Brjóstadúkur einhneptur af kalemange 48 sk.; blá peysa		
með látúnshnöppum 64 sk.	1	16

² Það stóð aðeins „h“ eða „k“ en leiðrétt svona með hliðsjón af því sem segir síðar um þessa treyju.

Önnur mussa lélegri hnappalaus 10 sk.;		
svartur og rauður flauelsbolur 48 sk.		58
Áklæðisnefna 24 sk.; blá húfa með rauðum silkiskúfi 20 sk.		44
Svört þrjónapeysa, ný, og stutthempa slitin 1 rd.;		
blár peysugarmur með hu... ³ 8 sk.	1	8
Svartir sokkar gatslitnir og leggjabönd 16 sk.;		
hattur brúkaður og forn 10 sk.		26
Í silfri og borðbúnaði		
Tvær hnappskeiðar, báðar nokkuð dalaðar í blaðinu,		
vegur hvör þeirra 2 lóð	3	36
Ein ditto flatskept, vegur ekki full 3 lóð, 1 rd., 60 sk.;		
beltispör vega 3 ½ lóð, 1 rd. 64 sk.	3	28
Einn silfurhnappur með 4 laufum ógylltur, vegur 2 ½ lóð	1	64
Þrjár víravirkis svintuhnappar gylltir,		
vega 3 lóð, 1 rd., 48 sk.; borðhnífar 16 sk.	1	64
Nýlegt tinfat 1 rd., 16 sk.; annað ditto gamalt 64 sk.	1	80
Ein tinkanna nýleg 64 sk.; tindiskur mikið gamall 10 sk.;		
kertapípa 12 sk.		86
Í rúmfatnaði		
Ein sæng af vaðmálsveri og fiður í, mikið fornt	1	64
Einar rekkjuvoðir af einskeptu fornar 72 sk.; brekán fornt 48 sk.	1	24
Tveir einskeptukoddar, annar gamall 40 sk.		40
Í kistum og búrgagni		
Lítil vættarkista með lélegum járnum		36
Vættarkista nýleg með skrá og lömum og ónýtum lykli	2	
Ennú vættarkista með skrá og lömum 74 sk.;		
ditto skrifli, læst, brotin tóm 28 sk.	1	4
Ditto önnur mikið léleg, járnalaus og fúin		16
Ennú kista lítt nýt með skráarnefna 14 sk.;		
pallkistill lítill með skrá 18 sk.		32
Skápskrifli járnalaus 8 sk.; tunnusár gamall, þó matheldur 1 rd.	1	8
Annar ditto, tekur eins, og gjörð stokkin 64 sk.;		
lagartunna tvíbytnuð 80 sk.	1	48
Strokkur, tekur frekan 1 ½ fjórðung 40 sk.;		
þrjár fjórðungs kollur 28 sk.		68
Tvær fötur litlar, loggbrotnar 8 sk.; önnur minni 5 sk.		13
Fimm trog, sum léleg ⁴ 40 sk.; sex askar, allir gamlir 32 sk.	72	
Þrennar eskjur og tvær skyrkollur 24 sk.;		

³ Eða „hn.“ Óljóst.

⁴ Leiðrétt úr „lélegt.“

ausa, spónn og skæri, lélegt 10 sk.		34
Í eldsgögnum		
Pottur tekur 19 potta, nýlegur 1 rd. 18 sk.;		
tveggja fjórðunga pottur, bættur og rifinn 20 sk.	1	36
18 marka pottur gamall með gjörð og brotið eyra 16 sk;		
ditto tekur 9 mk., nýr 34 sk.		50
Í reiðtygjum		
Hnakkur með ístöðum, sessu, þófa og tveimur gjörðum		
og beisli með járnstengum	2	48
Kvenþófi með þófaól og ístöðum, beisli með koparstengum etc.	1	16
Annar þófi slitinn, með hringabeisli, höfuðleðri og járnhringjugjörð		48
Í aðskiljanlegu		
Tvö orf léleg og tvær hrífur, ein klára 24 sk.;		
dengsluhamar, exi og töng 32 sk.		56
Tvær ljáspíkur útslegnar 8 sk.; skegghnífur með heini 10 sk.		18
Ein skarexi léleg 24 sk.; 4 bandreipi brúkanleg 64 sk.		88
Þrír klifberar gamlir með lélegum reiðskap 48 sk.;		
einn ditto nýr 32 sk.		80
Steðji vegur 2 ½ mk., vegur, ⁵ 20 sk.; reka með vari 16 sk.		36
Legill og kútur, hvorttveggja ónýtt 4 sk.; tvö hálf tunnu skrifli,		
annað ónýtt 10 sk.		14
Fjánhús tekur rúma 40, með hurð og dyrastöfum,		
mikið af viðunum fúíð	5	48
Hesthús tekur 6 hesta, með dyrastöfum og hurðarflaki,		
sumt af viðunum fúíð	2	48
Í lausum spýtum, sumum grautfúnum 1 rd.; þrír meisar		
12 sk. hver; taðkláfur 40 sk.	1	52
Pallur í einu stafngólfi með tveimur rúmum		
og tveimur pallstokkum etc.	1	64
Standrokksskrifli, lélegur 24 sk.; torfljáspík nær uppbrýnd 8 sk.		32
Í fríðu		
Ein kýr rauðskjöldótt 9 vetra 13 rd.;		
önnur hjálmótt 12 vetra 11 rd.		24
36 ær á 2 rd. stykkið 72 rd.; 12 lömb á 64 sk., 8 rd.		80
Litföróttur hestur 8 vetra 6 rd., 48 sk.;		
brúnsokkóttur 5 vetra 5 rd., 48 sk.		12
Rauður foli á fjórða vetur 2 rd. 48 sk.;		
blesóttur hestur 11 vetra 5 rd.	7	48

⁵ Stendur svo.

Jarpur færleikur 11 vetra 2 rd. 48 sk.;		
moldótt húðar ⁶ meri 1 rd., 80 sk.	4	32
Í peningum	<u>4</u>	<u>64</u>
[Summa]	205	62

En eftir nú fram lögðum vitnisburði frá forlíkunarnefndinni í Tinda sáttaumdæmi, dagsettum í gærðag, er nú skiptaþrætan eftir föður Guðrúnar heitinnar, konu Sveins, þannig á enda kljád, að sterfbúinu eftir Guðrúnu heitina tilheyra 5# í jörðunni Köldukinn innan Torfalækjarhrepps, sem þessu sterfbúi færast til inntektar,

og 1# á 12 rd. gjöra	<u>60</u>	
Til saman sterfbúsins heila inntektarsumma	265	62

Eftirfylgjandi skuldir teljst að vera á þessu sterfbúi, nefnilega:

Til kaupmanns Schram	10	
Til prestsins sr. Halldórs á Hjaltabakka	5	64
Hannesar í Sauðanesi	5	
Þorleifs á Hjallalandi		14
Meðgjöf með Halldóri Helgasyni föður ekkjumannsins fyrir 2 ár	12	
Til Jóns Björnssonar á Hnjúkum		64
Til Jóns Jónssonar þar		32
Til Magnúsar á Hurðarbaki	1	80
Til Þorleifs á Grund	1	
Séra Jóns á Auðkúlu		72
Til Jóns á Svínavatni	2	
Til Halldórs Halldórssonar á Hóli í Svartárdal		54
Til mr. Vorms á Geitaskarði	1	
Til Þorsteins í Holti	5	
Til fátækra upp á peningareikning	2	
Til vinnukonunnar Guðrúnar Jónsdóttur í Köldukinn	3	
Til Halldórs Jónssonar í Köldukinn	2	
Til ekkjunnar Filippíu Jónsdóttur sama staðar fyrir gamlan sauð	4	64
Til uppskriftarmannanna	1	
Stefnuvotta, til forlíkunar og forlíkunarmanna		80
Útfararkostnaður til ekkjumannsins	<u>16</u>	<u>32</u>
[Summa]	69	76

Þinggjald, skattur, gjaftollur, lögmannstollur, tífund 69 fiskar, útfærist hér aðeins með 2 rd., 14 sk.

Hér við bætist:

Skiptalaun af 195 rd., 68 sk. [er] 1 rd., 92 sk.

Hækkun þar af eftir tilskipan af 25. janúar 1805, 12 ½ % með 24 sk.

⁶ Á trúlega að lesast svona.

Fyrir skiptabréfið 2 rd., 48 sk.		
Fyrir skiptavotta 32 sk. [summa]	7	18
Heila skuldanna summa	76	94

Hvör skuldasumma tekin frá sterfbúsins heilu inntektarsummu leifir, sem koma til skipta, 188 rd., 64 sk., hvar af:

Ekkjumannsins Sveins Halldórssonar verður 94 rd., 32 sk.

Sölva lóð verður 31 rd., 42 2/3 sk.

Bjarna lóð eins 31 rd., 42 2/3 sk.

Rósinkars eins 31 rd., 42 2/3 sk. [gerir] 188 rd., 64 sk.

Kemur upp inntektar summan 266 rd., 62 sk.

Að þessu þannig undirbúnu tók skiptarétturinn sér fyrir að útleggja skuldirnar og þar með þær undir nr. 1-21, til saman að upphæð 69 rd., 76 sk. og ákvarðast fylgjandi til andvirðis þar fyrir, nefnilega:

Blátt klæðispils lítið tvílagt með rósasúrum og svinta af sama etc.	4	
Grænt klæðispils gamalt og rauð klæðis svinta, einlögð með frunsu	3	
Ditto blátt pils af kersu með röndóttu skáfóðri	1	48
Ditto blátt ditto af klæði gamalt 64 sk.; kvenhempa gömul með flossaum framan á 1 rd., 16 sk.	1	40
Rauður kvenupphlutur af skarlati, mjög forn, með egtaborða etc.	1	40
Blá kvenpeysa nýleg, þó lítil 80 sk.; gömul kventreyja slitin, af klæði 14 sk.		94
Kvenkragi með atlasksilki ofan á, bryddur utan með fløjelsborða		32
Annar silkiklútur lakari, rauður og svartur		56
Tveir silkiklútar dökkir, slitnir 36 sk.; rósasilki rauðleitt 24 sk.		60
Ditto tveir hálssilki, léleg 28 sk.; lítill spegill með pappírshulstri 8 sk.		18
Svartur og hvítur léreftsklútur með rauðleitum bekkjum		48
Blár léreftsklútur mikið forn 16 sk.; nærpilssmokkar nýir 80 sk.	1	
Utanhafnar pilsgarmur og nærpilsgarmur og upphlutur ditto		16
Kvensokkagarmar bláir 4 sk.; traf lélegt 16 sk.		20
Hvítir handvettlingar og hálsskyrta 8 sk.; sortuð mussuföt af vaðmáli fornt 48 sk.		56
Brjóstadúkur af kalemange, einhnepptur 48 sk.; áklæðisnefna 24 sk.		72
Svört prjónapeysa ný og stutthempa, slitin	1	
2 hnappskeiðar, báðar nokkur dalaðar í blaðinu, vegur hvör 3 lóð	3	36
Beltispör af silfri 1 rd., 64 sk.; einn svintuhnappur		

af silfri 1 rd., 24 sk.	3	32
Tinkanna nýleg 64 sk.; tindiskur gamall 10 sk.;		
kertapípa léleg 12 sk.		86
Tveggja vættar kista með skrá og lömum og ónýtum lykli		2
Vættarkista með skrá og lömum 72 sk.;		
tunnusár gamall, þó heldur 1 rd.	1	72
Annar ditto, tekur eins og gjörð stokkin 64 sk.;		
lagartunna tvíbytnuð 80 sk.	1	48
Fimm trog, sum léleg 40 sk.; 6 askar, allir gamlir 32 sk.		72
Pottur tekur 19 potta að mæla	1	16
Hnakkur með ístöðum, sessu, þófa,		
tveimur gjörðum og beisli etc.	2	48
Ein ólarreipi léleg 24 sk.; 4 bandreipi brúkanleg 64 sk.		88
Steðji 20 sk.; reka með vari 16 sk.;		
fjárhús yfir rúma 40 kindur 5 rd., 48 sk.	5	84
Hesthús tekur 6 hesta 2 rd., 48 sk.; í lausum spýtum 1 rd.	3	48
Pallur í einu stafgólfi með 2 rúmum, 2 pallstokkum etc.	1	64
Hjálsmótt kýr 12 vetra, 11 rd.; 5 ær á 2 rd. stykkið 10 rd.	21	
1 gemlingur 64 sk.; í peningum 24 sk.		88
Skuldarinnar nr. 22 samt þær undir Littr. A til D hér fyrir framan		
töldu, að upphæð 7 rd., 18 sk., útleggjast með eftirskrifuðu,		
nefnilega 1 ær, 2 rd., fjórum gemlingum, 2 rd., 64 sk.;		
í peningum 2 rd., 5 sk., til samans	7	18
[Summa]	76	94

Ekkjumannsins Sveins Halldórssonar hluti 94 rd., 32 sk. útleggst með eftirfylgjandi nefnilega:

Í bókum frá nr. 1 til 11, sem eftir uppskriftinni sp... urerast ⁷		
og að undanteknum Sturms Hugvekjum gjörir 16 sk. gjörir	4	14
Sortaðar þrjónabuxur, slitnar 16 sk., önnur þrjón, hnappalaus 10 sk.		26
Blá peysa með látúns hnöppum 64 sk.;		
blá húfa með rauðum skúf 20 sk.		84
Sortaðir sokkar og leggjabönd 16 sk.; blár peysugarmur 8 sk.		24
Hattur brúk[aður], forn 10 sk.;		
víravirkis svintuhnappur 1 rd., 48 sk.	1	58
Eitt par af skeptum borðhnífum 16 sk.;		
nýlegt tinfat 1 rd., 16 sk.	1	32
Ein sæng af vaðmálsveri og fiðri mikið forn	1	64
Einar rekkjuvoðir af einskeptu 72 sk.; lítil vættarkista 36 sk.	1	12
Pallstokkur með skrá 18 sk.; skápskrifli járnalaust 8 sk.		26
Þrenn pör eskjur og tvær skyrkollur 24 sk.;		
tveggja fjórðunga pottur, bættur og rifinn 20 sk.		44

⁷ Óljóst.

Kvenþófi með þófaól og ístöðum, koparhringjum og beisli	1	16
Ein kýr rauðskjöldótt 9 vetra 13 rd.; 15 ær 30 rd.	43	
Litförottur hestur 8 vetra, 6 rd., 48 sk.; móalótt meri 1 rd., 80 sk.	8	32
2 ½ # í jörðunni Köldukinn	<u>30</u>	
[Summa]	94	48
Svo tekst aftur lóð útlagt með	<u>16</u>	
Eftir hans rétta lóð	94	32

Sölva, tveggja vetra, lóð 31 rd., 41 2/3 sk., útleggst með fylgjandi, nefnilega:		
Smálérefts traf nýlegt 48 sk.; eitt brekán fornt 48 sk.	1	
Önnur kista léleg, járnalaus og fúin 16 sk.;		
strokur, tekur 1 ½ fjórðung 40 sk.		56
Ausa, spónn og skæri 10 sk.; pottur tekur 9 mk., nýr 34 sk.		44
Tvö orf, tvær hrífur og ein klára 14 sk.; þrjár klifberar gamlir 48 sk.		76
Legill og hnífur, hvörtveggju ónýt 4 sk.;		
standrokksskrifli 24 sk.		28
Fimm ær 10 rd.; þrjú lömb 2 rd.; bleikskjóttur hestur 5 vetra 5 rd.	17	
Rauður foli, fjöggra vetra, óvanaður 2 rd., 48 sk.;		
í jörðunni Köldukinn [5/6 #] 10 rd.	<u>12</u>	<u>48</u>
[Summa]	32	56
Frá tekst of mikið, útlagt með	<u>1</u>	<u>13^{1/3}</u>
Verður eftir hans rétta lóð	31	42 ^{2/3}

Bjarna, á fyrsta ári, lóð 31 rd., 42 ^{2/3} sk., útleggst með eftirfylgjandi, nefnilega:		
Tveir einskeptu koddar, annar lítill 40 sk.;		
enn nú lítill kista með skrá 14 sk.		54
Sex fjórðunga kollur gamlar 28 sk.; 2 fötur litlar, loggbrotnar 8 sk.		36
Einn enn minni 5 sk.; 8 marka pottur gamall með gjörð		
og brotnum eyrum 21 sk.		21
Annar þófi gamall með hringbeisli, höfuðleðri og gjörð		48
Dengsluhamar lítill, handexi og smiðjutöng		32
Tvær ljáspíkur 8 sk.; skegghnífur og hein 10 sk.; tvö tunnuskrifli,		
önnur ónýt 10 sk.		28
Þrjú meisaskrifli 12 sk.; torfljáspík 40 sk.; torfljáspík uppbrýnd 8 sk.		60
6 ær, 12 rd.; 3 lömb 2 rd.; jarpur færleikur 11 vetra, 2 rd., 48 sk.	16	48
5/6# í Köldukinn 10 rd., hjá Sölva 1 rd. 13 ^{2/3} sk.; í peningum 86 1/3 sk.	<u>12</u>	<u>3^{2/3}</u>
Gjörir hans rétta lóð	31	42 ^{2/3}

Rósenkars, 10 vetra, lóð 31 rd., 42 ^{2/3} sk. útleggst með eftirfylgjandi, nefnilega:		
Fyrri partur Sturms hugvekju		16
Önnur hempa forn 64 sk.; annar krugi rauðleitur 14 sk.		78
Ditto gamall, lagður með flauelsborða 7 sk.; styttuband 14 sk.		21
Rauður silkiklútur 1 rd.; flekkóttur léreftsklútur 48 sk.	1	48

Svartur og rauður flauelsbolur 48 sk.;		
flatskeft silfurskeið 1 rd., 60 sk.	2	12
Tinfat gamalt 64 sk.; kistuskrifli læst, með brotinni löm 28 sk.		92
Nýr klifberi 32 sk.; 4 ær 8 rd.	8	32
Eitt lamb 64 sk.; brúnsokkóttur hestur 5 vetra 5 rd., 48 sk.	6	16
5/6# í jörðunni Köldukinn 10 rd., í peningum 95 ^{2/3}	10	95 ^{2/3}
Hjá bróður sínum Sveini		<u>16</u>
Gjörir hans rétta lóð	31	42 ^{1/3}
Kemur saman	265	62

Framar athugast við þessi skipti:

Ber ekkjumanninum Sveini, að annast að allar þær eftir framanskriðu skiptabréfi útlögðu skuldir greiðist hið allra fyrsta til hlutaðeigandi skuldaheimtumanna, samt skiptaréttar, að ei umkvörtun yfir drætti þar á gjörast þurfi.

Þar hann sem faðir fæddur og sjálfsettur svaramaður sona sinna fellur öll nauðsyn burtu, að setja þeim nokkurn annan fjárvarðveislumann, þar þessi skylda liggur á hendi áðurnefndum föður þeirra, Sveini, en Guðmundi bóndi Sigurðssyni á Móbergi eru á hendur falin fjárumráð sonar síns, Rósenkars, undir tilsjón skiptaforvaltarans sem yfirformyndara.

Skyldu mót von nokkrar fleiri skuldir upp koma, sem sannaðist að af þessu sterfbúi takast ættu, ber ekkjumanninum ásamt samörfum sínum eftir tiltölu arfs þeirra til þeirra að svara.

Actum ut supra

Sigurður Snorrason, Þorfinnur Þórðarson, Guðmundur Ólafsson

Guðrún Jónsdóttir í Köldukinn 1808⁸

[Í skiptaskjölum eru nokkur skjöl um dánarbúið, að því er virðist mest um eignarhaldið á jörðinni, Köldukinn].

Ég undirskrifaður hefi skipt fémunum, lifandi og dauðum, sem Jón sálugi Halldórsson faðir minn eftir sig lét, hvörjum fyrir tédum fjármunum ég skipti til jafns, að frátekinni jörðunni, milli mín og Guðrúnar systur minnar, þar með hefur móðir mín gefið sitt fullkomið samþykki að fyrrgreind skipti fram færi sem áður er sagt, hvörs upphæð er 110 r[íkis]dalir.

Til frekari staðfestu okkar undirskriftuð nöfn og signet.

Köldukinn d. 22. júní 1805.

Filippía Jónsdóttir, Halldór Jónsson, Sveinn Halldórsson

Framlagður við skiptasession að Stóru-Giljá eftir Guðrúnu heitina Jónsdóttur á Köldukinn, þann 8. desember 1808, markast, lit. B.

Vitnar.

Sigurður Snorrason

Fimm hundruð í jörðunni Köldukinn koma nú einasta til skipta við sterfbú Guðrúnar sálugu Jónsdóttur sama staðar, undir aðra samda skilmála sem forlíkunar protocollen með sér ber, testerar

Reykjum d. 20. desember 1808,

Jón Jónsson forlíkunararmaður í Tinda sátta umdæmi.

Í öngvan máta gef ég eftir mína lífstíð þann hlut jarðarinnar, sem lögin tileinka mér, sem er helmingurinn, og svo bróðurlóð sem ég vona að verði í allt 21#, því varla kann ég hafa minna til lífsins upphalds en afgangur þessa jarðarparts, þar allt lausaféð er komið til barna minna. Jafnvel þó ég vona að einhvörn styrk kunni að fá af þeim parti lausafjárins sem mér ber, og nú er kominn til Sveins Halldórssonar, egtamanns sál. Guðrúnar dóttur minnar, nefnilega ef ég kannske yrði þungur ómagi og það svo árum skipti. Ofanskrifað lausafé er! 1 kýr, 5 ær og 2 sauðir gamlir. Þessum sauðum var óskipt, allt svo tilstæ ég⁹ Halldóri syni mínum annan þeirra.

Þessu til merkis er mitt undirskrifað nafn.

Köldukinn þann 11. desember 1808.

Filippía Jónsdóttir

Framlagt fyrir skiptasession að Stóru-Giljá þann 13. desember 1808, að sterfbúinu eftir Guðrúnu heitina Jónsdóttur á Köldukinn, og markað litra C.

Vitnar,

Sigurður Snorrason

⁸ ÞÍ. Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu ED2/1. Skiptaskjöl 1804-1812.

⁹ Verður helst lesið svo.